



**Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar**  
Ánægja Ábyrgð Árangur

**MAT Á STARFSÁETLUN GRUNNSKÓLA FÁSKRÚÐSFJARÐAR**  
**SKÓLAÁRIÐ 2025-2026**

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Mat á starfsáætlun</b>	<b>3</b>
<b>Starfsáætlun</b>	<b>4</b>
<b>Skóladagatal</b>	<b>4</b>
<b>Opnunartími</b>	<b>4</b>
<b>Stjórnskipulag</b>	<b>6</b>
<b>Starfsfólk</b>	<b>6</b>
Stjórnendur	6
Kennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfari og náms- og starfsráðgjafi	6
Almennir starfsmenn	7
Trúnaðarmaður kennara	8
Trúnaðarmaður starfsmanna	8
Öryggisvörður skólans	8
Öryggistrúnaðarmaður	8
<b>Öryggisáætlun</b>	<b>8</b>
<b>Fundaráætlun starfsfólks</b>	<b>9</b>
<b>Skipulagsdagar</b>	<b>9</b>
<b>Starfsþróun</b>	<b>9</b>
<b>Námsmatsstefna</b>	<b>10</b>
<b>Stundaskrá</b>	<b>11</b>
<b>Sérfræðiþjónusta</b>	<b>12</b>
Námsráðgjöf	13
Einstaklingsnámskrár	13
Samþætting í þágu farsældar barna	14
Skólaheilsugæsla	14
<b>Nefndir og ráð</b>	<b>15</b>
Skólaráð	15
Áfallaráð	16
Nemendafélag og nemendaráð	16
Foreldrafélag	17
Nemendaverndarráð	18
<b>Innra mat - áætlun</b>	<b>19</b>
<b>Skólareglur</b>	<b>19</b>



## Inngangur

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar er í Fjarðabyggð og er fyrir nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur koma úr dreifbýli og þéttbýli við Fáskrúðsfjörð. Í vetur stunda 103 nemendur nám við skólann. Skólinn er hluti af skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði en þar starfa leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli og almenningsbókasafn undir sama þaki. Skólamiðstöðin stendur á ákjósanlegum stað, í hlíðinni efst í Búðarþorpi, með skógræktarsvæði og lítið snortna náttúru með villtum gróðri í næsta nágrenni. Jafnframt er stutt ganga að sjó og ferskvatni. Við skólamiðstöðina eru leiksvæði fyrir bæði leik- og grunnskóla. Í skólamiðstöðin er rekið skólaeldhús þar sem eldað er fyrir alla nemendur skólanna. Rekstur skólaeldhússins er á ábyrgð leikskólastjóra.

Í skólanum er töluverð samkennsla þar sem kennarar vinna saman í teyllum þvert á námsstig og eru því samábyrgir fyrir umsjón með nemendum og námi. Hópasamsetningin er breytileg milli ára vegna misfjölmennra árganga. Samkennsla árganga býður upp á einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur geta bæði fylgt námsmarkmiðum eldri eða yngri nemenda í hópnum eftir því sem við á.

Skólastjóri ber ábyrgð á faglegu starfi, fjármálum og starfsmannahaldi. Aðstoðarskólastjóri sér um sérkennslumál og alla stoðþjónustu. Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar hefur umsjón með lóð og húsnæði. Þrif og gæsla á skólalóð er á ábyrgð skólaliða. Áhersla er lögð á að ákvarðanatataka og þróun skólastarfsins sé samstarfsverkefni alls starfsfólks.

Starfsáætlun Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er unnin eftir viðmiðum Aðalnámskrá Grunnskóla með tilliti til aðstöðu, mannauðs og sérstöðu skólans.

## Mat á starfsáætlun

Starfsáætlun er lögð fram að hausti en að vori metur starfsfólk skólans hvernig til hefur tekist með framkvæmd að vori. Þessi starfsáætlun verður endurbætt út frá umbótaáþendingum sem fara fram í júní 2026.

A ▾	Allt ofangreint gekk eftir.
-----	-----------------------------



## Starfsáætlun

Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum. Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum sem skóli hefur til ráðstöfunar er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori.

## Skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali sem finna má á [heimasíðu skólans](#), eru skóladagar nemenda 180. Uppbrotsdagar nemenda eru 10 á skólaárinu og hefðbundnir skóladagar 170. Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 22. desember til og með 5. janúar. Vetrarfrí er 29.-31. október og 19. og 20. febrúar. Páskaleyfi er 28.mars-6.apríl. Einnig fellur kennsla niður fimm daga á skólatíma nemenda vegna skipulagsdaga kennara, þ.e. 26.september, 17.nóvember, 2.janúar, 24.apríl og 30.apríl.

Skólasetning er 25.ágúst fyrir 1.-10.bekk. Umsjónarkennarar boða alla nemendur og forráðamenn í viðtal þennan dag. Hægt er að bóka viðtöl í gegnum Mentor. Í viðtalinu er farið yfir skólareglur, námsefni og skipulag vetrarins. Skólaslit fara fram á síðasta kennsludegi nemenda ár hvert. Nemendur í 1. - 10. bekk fá vitnisburð frá umsjónarkennurum. Foreldrar eru velkomnir á skólaslit. Skólaslit 1. - 10. bekkjar eru mánudaginn 8. Júní.

A ▾	Kennt var samkvæmt skóladagatali og litlar sem engar breytingar gerðar á skóladagatali. Skíðadagur færðist þó til um einn dag.
-----	--

## Opnunartími

Skólinn er opnaður kl. 07:45 á morgnana. Kennsla hefst kl. 8:10 en nemendur mega koma inn strax og skólinn er opnaður. Í grunnskólanum ber nemendum að halda sig í sinni heimastofu í ró vilji þeir vera inni. Verði misbrestur á hegðun nemenda er starfsfólki skólans heimilt að vísa



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

nemendum út úr skólanum og jafnvel banna þeim að koma inn á morgnana í ákveðinn tíma. Skólinn er opinn til kl. 16:00 á daginn.

Sími skólans er 475 9020. Ritari er við símann frá kl. 7:45-12:45.

Netfang skólans er: [fask@skolar.fjardabyggd.is](mailto:fask@skolar.fjardabyggd.is)

Heimasíða skólans er: [fask.is](http://fask.is)


Heimilisfang: Hlíðargata 56, 750 Fjarðabyggð

A ▾	Allt ofangreint gekk eftir. Ritari var með aukna viðveru tímabundið þetta skólaár vegna veikindaleyfis skólastjóra.
-----	---



# Stjórnskipulag

## Skipurit Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar



## Starfsfólk

Starfsmenn GF eru **28** á skólaárinu 2025-2026.

### Stjórnendur

Jóhanna Guðnadóttir skólastjóri

[johannag@skolar.fjardabyggd.is](mailto:johannag@skolar.fjardabyggd.is)

Ingibjörg Ingadóttir aðstoðarskólastjóri/  
deildarstjóri sérkennslu og tengiliður farsældar

[ingibjorgi@skolar.fjardabyggd.is](mailto:ingibjorgi@skolar.fjardabyggd.is)

### Kennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og náms- og starfsráðgjafi

Anna Ólafsdóttir stundakennari

[annaolafsdottir@skolar.fjardabyggd.is](mailto:annaolafsdottir@skolar.fjardabyggd.is)

Arna Lís Ingimarsdóttir umsjónakennari

[arnalisa@skolar.fjardabyggd.is](mailto:arnalisa@skolar.fjardabyggd.is)

Eva Ösp Örnólfsdóttir umsjónakennari

[evaosp@skolar.fjardabyggd.is](mailto:evaosp@skolar.fjardabyggd.is)



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

Gréta Björg Ólafsdóttir umsjónakennari	<a href="mailto:greta@skolar.fjordabyggd.is">greta@skolar.fjordabyggd.is</a>
Guðbjörg Steinsdóttir Snædal umsjónakennari	<a href="mailto:gudbjorgss@skolar.fjordabyggd.is">gudbjorgss@skolar.fjordabyggd.is</a>
Guðfinna Erlín Stefánsdóttir leiðbeinandi	<a href="mailto:gudfinnae@skolar.fjordabyggd.is">gudfinnae@skolar.fjordabyggd.is</a>
Heiða Hrönn Gunnlaugsdóttir þroskaþjálfari	<a href="mailto:heidag@skolar.fjordabyggd.is">heidag@skolar.fjordabyggd.is</a>
Jakobína Gunnarsdóttir umsjónakennari	<a href="mailto:jakobina@skolar.fjordabyggd.is">jakobina@skolar.fjordabyggd.is</a>
Karen Sif Randversdóttir þroskaþjálfari	<a href="mailto:karensr@skolar.fjordabyggd.is">karensr@skolar.fjordabyggd.is</a>
Lilja Hrönn Fjölнисdóttir umsjónarkennari	<a href="mailto:liljahronn@skolar.fjordabyggd.is">liljahronn@skolar.fjordabyggd.is</a>
Ríkey Elísdóttir leiðbeinandi	<a href="mailto:rikeye@skolar.fjordabyggd.is">rikeye@skolar.fjordabyggd.is</a>
Sara Dís Tumadóttir leiðbeinandi	<a href="mailto:saradis@skolar.fjordabyggd.is">saradis@skolar.fjordabyggd.is</a>
Sara Þorgilsdóttir umsjónakennari	<a href="mailto:sarathorgils@skolar.fjordabyggd.is">sarathorgils@skolar.fjordabyggd.is</a>
Sigrún Eva Grétarsdóttir náms- og starfsráðgjafi	<a href="mailto:sigruneg@skolar.fjordabyggd.is">sigruneg@skolar.fjordabyggd.is</a>
Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir umsjónakennari	<a href="mailto:sigurveigsj@skolar.fjordabyggd.is">sigurveigsj@skolar.fjordabyggd.is</a>
Tania Li Mellado leiðbeinandi	<a href="mailto:tania@skolar.fjordabyggd.is">tania@skolar.fjordabyggd.is</a>
Tinna Hrönn Smáradóttir iðjuþjálfari	<a href="mailto:tinnas@skolar.fjordabyggd.is">tinnas@skolar.fjordabyggd.is</a>

### Almennir starfsmenn

Anna Ólafsdóttir bókasafnsfræðingur	<a href="mailto:bokfas@fjordabyggd.is">bokfas@fjordabyggd.is</a>
Arna S Magúsdóttir skólaliði	<a href="mailto:arnasmagn@skolar.fjordabyggd.is">arnasmagn@skolar.fjordabyggd.is</a>
Arnar Freyr Pétursson stuðningsfulltrúi og forstöðumaður Skólasels	<a href="mailto:arnarfp@skolar.fjordabyggd.is">arnarfp@skolar.fjordabyggd.is</a>
Dagný Hrund Örnólfsdóttir ritari	<a href="mailto:fask@skolar.fjordabyggd.is">fask@skolar.fjordabyggd.is</a>
Guðrún Lilja Eðvarðsdóttir skólaliði	<a href="mailto:liljaedwards@skolar.fjordabyggd.is">liljaedwards@skolar.fjordabyggd.is</a>
Helgi Hjelm skólaliði	<a href="mailto:helgihjelm@skolar.fjordabyggd.is">helgihjelm@skolar.fjordabyggd.is</a>
Kristinn Hannesson stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:kristinnh@skolar.fjordabyggd.is">kristinnh@skolar.fjordabyggd.is</a>
Leonardo Aballay stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:leonardo@skolar.fjordabyggd.is">leonardo@skolar.fjordabyggd.is</a>
Simona Krasnovskiene stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:simona@skolar.fjordabyggd.is">simona@skolar.fjordabyggd.is</a>
Stefán Örn Sigurðsson stuðningsfulltrúi	



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

### Trúnaðarmaður kennara

Gréta Björg Ólafsdóttir umsjónakennari

[greta@skolar.fjardabyggd.is](mailto:greta@skolar.fjardabyggd.is)

### Trúnaðarmaður starfsmanna

Kristinn Hannesson

[kristinnh@skolar.fjardabyggd.is](mailto:kristinnh@skolar.fjardabyggd.is)

### Öryggisvörður skólans

Ingibjörg Ingadóttir, aðstoðarskólastjóri

[ingibjorgi@skolar.fjardabyggd.is](mailto:ingibjorgi@skolar.fjardabyggd.is)

### Öryggistrúnaðarmaður

Ingibjörg Ingadóttir, aðstoðarskólastjóri

[ingibjorgi@skolar.fjardabyggd.is](mailto:ingibjorgi@skolar.fjardabyggd.is)

•

A ▾	<p>Í vetur hafa orðið breytingar á starfsmannahóp Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar. Ingibjörg Ingadóttir lét af störfum sem aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, tengiliður farsældar, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður. Helga Guðrún Guðjónsdóttir tók við sem aðstoðarskólastjóri. Heiða Hrönn Gunnlaugsdóttir tók við sem deildarstjóri sérkennslu á yngsta stigi. Tinna Hrönn Smáradóttir tók við sem deildarstjóri sérkennslu á miðstigi. Karen Sif Randversdóttir tók við sem deildarstjóri sérkennslu á elsta stigi. Heiða Hrönn, Tinna Hrönn, Karen Sif og Sigrún Eva Grétarsdóttir eru tengiliðir farsældar. Kristinn Hannesson hætti hjá okkur og kosning trúnaðarmanns hjá starfsmönnum hefur farið í gegnum AFL.</p> <p>Ríkey Elísdóttir, Arna S Magnúsdóttir létu af störfum. Leonardo Aballay, Sigrún Eva Grétarsdóttir, Ólöf Linda Sigurðardóttir tóku að sér kennslu. Andrea Inga Gísladóttir, Elín Helga Kristjánsdóttir, Hrafnhildur Ósk Jakobsdóttir, Perla Sól Sverrisdóttir, Sigdís Telma Gunnarsdóttir komu inn í hlutastörf á skólaárinu.</p>
-----	---

## Öryggisáætlun

Öryggisáætlun Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er að finna [hér](#).

Skjal þetta er yfirfarið og endurbætt um leið og breytingar verða.

Rýmingaráætlun er yfirfarin á hverju hausti og er að finna [hér](#).



A ▾	Öryggisáætlun var uppfærð á skólaárinu. Rýmingaráætlun var yfirfærð á skólaárinu og gerð var æfing meðal starfsfólks og nemenda. Æfingin gekk vel.
-----	--

## Fundaráætlun starfsfólks

Fyrirkomulag funda skal kynnt á fyrsta fundi starfsfólks að hausti. Fundir starfsfólks eru einu sinni í mánuði á miðvikudögum klukkan 14:00. Kennarafundir eru þrisvar í mánuði á miðvikudögum klukkan 14:00. Þróunarfundir eru á hverjum miðvikudegi klukkan 15:00 þar sem unnið er í gæðaráði, byrjendalæsi og lausnateymi. Stigsfundir hvers stig eru vikulega þar sem umsjónarkennarar stiga funda saman með því starfsfólki sem þarf að koma að málum stigsins hverju sinni.

B ▾	Fundaáætlun starfsfólks hefur haldið sér á skólaárinu. Þó er hugmynd hjá skólastjórnendum að útbúa sérstakt fundardagatal til að auka upplýsingaflæði.
-----	--

## Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru 13 talsins, fimm áður en skóli hefst og þrjár eftir að skóla lýkur, en fimm eru dreifðir yfir starfstíma skólans. Dagarnir eru sumir hverjir helgaðir ákveðnum verkefnum nú þegar. Að öðru leyti eru skipulagsdagar skipulagðir af skólastjórn og í samráði á kennarafundum og þá er tíminn nýttur í það sem helst liggur á hverju sinni.

C ▾	Allir skipulagsdagar þyrftu að vera betur útlistaðir hvaða verkefni á að taka fyrir hvern dag.
-----	--

## Starfsþróun

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans með það að markmiði að allt starfsfólk hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta störf þeirra, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans auk þess sem kennarar sinna endurmenntunarskyldu



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

utan starfstíma í samræmi við kjarasamninga. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að vera sífellt í framþróun og að starfsmannahópurinn hafi metnað til að vera leiðandi þegar kemur að nútímastarfsháttum í grunnskólum.

Nýir kennarar fá leiðsagnarkennara sem metur hæfni nýja kennarans á reglubundnum fundum. Vanir kennarar byggja ofan á þetta hæfnimat og fá starfsþróunarsamtöl tvisvar á skólaári samkvæmt starfsmannahandbók.

A	Starfsþróunaráætlun gekk eftir og er í gildi til ársins 2026. Nýir kennarar fengu sinn leiðsagnarkennara og nýtt starfsfólk leiðsögn þegar þau hófu störf við skólann.
---	--

## Námsmatsstefna

Með innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla hefur verið ákveðið að samræma námsmat í grunnskólum Fjarðabyggðar. Þetta er gert til þess að skólarnir gangi í takt og til þess að nám í skólum Fjarðabyggðar sé metið á sama hátt eftir sama matskvarða.

Matskvarðinn sem notaður verður fyrir 1. til 10. bekk er A, B+, B, C+, C og D.

Bókstafirnir hafa allir sinn lit og eru litirnir þeir sömu og á táknum sem notuð hafa verið. **A** er framúrskarandi, **B+** og **B** er hæfni náð, **C+** er á góðri leið, **C** er þarfnast þjálfunar og **D** er hæfni ekki náð.

Metanleg hæfniviðmið eru notuð í 1., 2., og 3. bekk á yngsta stigi, 5. og 6. bekk á miðstigi og í 8. og 9. bekk á unglíngastigi.

Við lok 4., 7., og 10. bekkjar verða notuð matsviðmið sem varða leiðina á milli stiga. Frá yngsta stigi yfir á miðstigi og frá miðstigi yfir á unglíngastigi.

**Hæfniviðmið:** Sú hæfni sem nemandi er ætlað að hafa náð tökum á við lok tiltekins námstímabils.

**Matsviðmið:** Matsviðmið eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu við lok námstímabils. Matsviðmið styðja við námsmat.



Mikilvægt er að foreldrar/forsjáraðilar fylgist vel með í Mentor og skoði þar metanlegu hæfniviðmiðin og framvinduna í náminu. Með því að fylgjast vel með er hægt að öðlast góðan skilning á því hvað felst í hverju viðmiði fyrir sig.

A ▾	Námsmat er nú orðið samræmt í grunnskólum Fjarðabyggðar. Það mun taka nýja námsmatstefnu einhvern tíma til að festa sig í sessi og munum við halda áfram að vinna eftir þessari stefnu næsta skólaár.
-----	---

## Stundaskrá

Skóladagurinn hjá öllum nemendum hefst kl. 8.10 alla daga vikunnar. Skólinn opnar kl. 7.45 og þá eru nemendur velkomnir og fara þá beint í sínar stofur þar til kennsla hefst kl. 8.10. Starfsfólk tekur vel á móti nemendum og sér til þess að öllum líði vel í byrjun dags. Fyrstu tvær kennslustundirnar eru frá kl. 8.10 - 8.50 og frá kl. 8.50 - 9.30. Milli kl. 9.30 - 9.40 er ávaxtastund hjá öllum nemendum áður en haldið er í frímínútur sem eru frá kl. 9.30 - 9.55. Yngsta stigið tekur ávaxtastund í sinni bekkjarstofu en miðstig og unglिंगastig fá ávexti í matsalnum. Hægt er að skrá nemendur í ávexti og grænmeti hjá ritara og kostar það kr. 2000 hvern mánuð fyrir sig.

Í frímínútum frá kl. 9.30 - 9.55 fara nemendur í 1. - 7. bekk út og nemendur í 8. - 10. bekk eru hvattir til að fara út en mega vera inni ef þau kjósa svo. Þeir mega þó ekki vera í kennslustofunum en hafa aðgang að bókasafninu og Eyjunni. Gæsla í frímínútum er í höndum stuðningsfulltrúa og skólaliða í bland við kennara og stjórnendur. Næst taka við þrjár kennslustundir hjá nemendum eða milli 09:55-11:55. Eftir það fara nemendur í mat; yngsta stig byrjar að borða í matsalnum. Á meðan fara nemendur á miðstigi (5.-7. bekkur) út í frímínútur og nemendur á unglिंगastigi (8.-10. bekkur) hafa val um að vera inni eða fara út. Eftir kl 12:10 eiga nemendur á yngsta stigi að vera búnir að borða og fara þeir þá út í frímínútur til kl 12:30. Á sama tíma tekur við matartími á MIS og US. Matseðillinn má finna hér á heimasíðunni en allur matur er eldaður á staðnum.

Í lok skóladags hjá öllum þurrka umsjónarmenn af borðum í stofunum, sópa og skilja snyrtilega við stofuna. Þeir nemendur í 1. - 3. bekk sem eru í Skólaselinu fara svo með starfsfólki í Skólaselið og eru áfram í Skólamiðstöðinni þar til þeirra vistun lýkur. Vistunin getur verið mismunandi eftir dögum en þó ekki lengur en til kl. 16:15. Misjafnt er milli daga hversu lengi aðrir bekkir eru í skólanum en aldrei þó lengur en til 14:30. Á föstudögum ljúka allir nemendur skóladeginum kl. 13.10. Þegar



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

skóladagurinn er langur hvetjum við nemendur til að hafa með sér nesti til að borða milli kennslustunda.

Leitast er við að bæta stundatöfluna í takt við skólaþróun og breytingar í samfélaginu.

Stundaskrár allra árganga má sjá [hér](#).

B ▾	Stundaskrá hefur verið breytt tvisvar á skólaárinu vegna breytinga á starfsfólki skólans. Einnig var seinasti tími á mánudögum færður til fimmtudags eftir áramót í 8.-10.bekk til að jafna viðveru nemenda yfir daginn.
-----	--

## Sérfræðipjónusta

Í vetur sér deildarstjóri sérkennslu um heildarskipulag sérkennslu við skólann. Deildarstjóri sérkennslu ásamt þroskajálfum, iðjubálfa og námsráðgjafa mynda stoðþjónustu skólans, í samstarfi við skólafulltrúa á Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar. Verkefni stoðþjónustu er að sjá um að fá greiningar vegna nemenda með sérþarfir, vera tengiliðir við farsældina, foreldra og aðra sérfræðinga sem koma að málefnum barna, s.s. sérfræðinga á skólaskrifstofu, á fjölskyldusviði Fjarðabyggðar, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Ráðgjafa- og greiningastöð ríkisins, Barna- og unglingsgeðdeild (BUGL) og aðrar stofnanir sem við á. Teymi eru starfandi vegna nemenda með sérþarfir og í þeim sitja alltaf, stjórnandi, umsjónarkennarar og foreldrar. Auk þeirra, eftir þörfum hverju sinni, þroskajálfar og iðjubálfi, sérfræðingar frá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar og aðrir þeir aðila sem koma að stuðningi við nemanda. Stuðningsfulltrúi viðkomandi nemandi, í samstarfi við umsjónakennara og sérkennara, styður við nám og athafnir daglegs lífs nemanda með sértækar þarfir. Stuðningurinn er einstaklingsmiðaður.

B ▾	Unnið er eftir núverandi skipulagi en breytingar hafa verið á stoðþjónustu í vetur þar sem Ingibjörg Ingadóttir lét af störfum og Helga Guðrún Guðjónsdóttir tók við sem aðstoðarskólastjóri. Heiða Hrönn Gunnlaugsdóttir tók við sem deildarstjóri sérkennslu á yngsta stigi. Tinna Hrönn Smáradóttir tók við sem deildarstjóri sérkennslu á miðstigi. Karen Sif Randversdóttir tók við sem deildarstjóri sérkennslu á elsta stigi. Heiða Hrönn, Tinna Hrönn, Karen Sif og
-----	---



Sigrún Eva Grétarsdóttir eru tengiliðir farsældar. Einnig hefur verið breyting á starfsfólki sem kom að samþætingu á vegum fjölskyldusviði Fjarðabyggðar.

## Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er Sigrún Eva Grétarsdóttir og starfar hún á öllum skólastigum. Viðtal við náms- og starfsráðgjafa stendur öllum nemendum skólans til boða. Nemendur og forráðamenn þeirra geta óskað eftir viðtali við námsráðgjafa en auk þess geta umsjónarkennarar og sérkennarar vísað nemendum til námsráðgjafa. Náms- og starfsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður og aðstoðar nemendur við að leita lausna á sínum málum. Viðtalstímar eru á mánudögum og þriðjudögum eftir samkomulagi bæði fyrir nemendur og forráðamenn. Nemendur og forráðamenn þeirra eru hvattir til að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Námsráðgjafi er bundinn trúnaðarskyldu varðandi allar upplýsingar sem hann fær um nemendur og/eða nemendahópa.

Netfang Sigrúnar er [sigruneg@skolar.fjardabyggd.is](mailto:sigruneg@skolar.fjardabyggd.is)

A ▾

Sigrún Eva Grétarsdóttir hefur verið með námsráðgjöf á þriðjudögum og miðvikudögum í vetur. Sigrún Eva tók að sér aukna kennslu þegar Ingibjörg aðstoðarskólastjóri hætti störfum og bætti við sig viðveru í skólanum á föstudögum.

## Einstaklingsnámskrár

Starfsmenn stoðþjónustunnar vinna í samstarfi við umsjónakennar að einstaklingsnámskrám og öðrum áætlunum fyrir nemendur sem á því þurfa að halda. Einstaklingsnámskrá tekur bæði til náms- og félagslegra þátta. Foreldrar samþykkja einstaklingsnámskrá með undirritun sinni.

A ▾

Einstaklingsnámskrár hafa verið endurbættar á skólaárinu fyrir þá sem þurfa á því að halda.



## Sambætting í þágu farsældar barna

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Lög um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðila. Orðið farsæld er skilreint sem þær aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Á heimasíðunni farsæld barna er safn ítarlegra upplýsinga um þjónustu í þágu farsædar barna: <https://www.farsaeldbarna.is/> Skólaveturinn 2025-2026 mun Kristín Ella Guðmundsdóttir fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar vera málstjóri barna í GF. Aðrir ráðgjafar fjölskyldusviðs munu koma að málefnum barna eftir þörfum.

A ▾	Sambætting í þágu barna hefur verið samkvæmt mánaðarlegu skipulagi og oftár eftir þörfum. Breyting hefur verið á starfsfólki sem kom að sambætingu á vegum fjölskyldusviði Fjarðabyggðar. Kristín Ella Guðmundsdóttir hætti sem málstjóri GF í mars og kom Hjördís Helga Seljan inn í stað hennar.
-----	--

## Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er Krístrún Selma Ölversdóttir Michelsen og er með viðveru á mánudögum milli 08:30 – 14:00. Heilsuvernd skólabarna Er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Hjúkrunarfræðingar og lækna á heilsugæslustöðvum sjá um heilsuvernd skólabarna. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er samkvæmt [leiðbeiningum Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna](#). Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi.

A ▾	Málefni tengd skólaheilsugæslunni stóðust samkvæmt áætlun.
-----	--



## Nefndir og ráð

### Skólaráð

Samkvæmt grunnskólalögum skal starfa skólaráð við grunnskóla sem er **samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald**. Í 8. gr.laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir:

*„Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og móttun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.”*

**Mikilvægt er að fulltrúar nemenda, foreldra og starfsmanna í skólaráði séu í góðu sambandi við þá sem þeir eru fulltrúar fyrir og stuðli þannig að málefnalegri og uppbyggilegri umræðu um skólastarfið á hverjum tíma.**

- Jóhanna Guðnadóttir, skólastjóri
- Þóra Elín Einarsdóttir, fulltrúi foreldra
- Aldís Anna Sigurjónsdóttir, fulltrúi foreldra
- Ólöf Linda Sigurðardóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Eva Ösp Örnólfsdóttir, fulltrúi kennara
- Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen, fulltrúi kennara
- Dagný Hrund Örnólfsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna
- Sólný Petra Þorradóttir, fulltrúi nemenda
- Emma Björg Heimisdóttir, fulltrúi nemenda



A ▾	Skólaráð hélt alla fundi sem fyrirhugað var að halda á skólaárinu. Seinasti fundur skólaársins var þó frestað um tvær vikur. Allar fundargerðir voru skráðar og birtar á heimasíðu skólans.
-----	---

## Áfallaráð

Áfallaráð sér um að virkja viðbragðsáætlun við áföllum ef til kemur. Allt starfsfólk er viðbragðsaðilar ef virkja þarf áfallaáætlun skólans. Áfallaráð leggur mat á til hvaða aðgerða þarf að grípa, er ábyrgt fyrir skráningu, heldur utan um aðgerðir, skráir eftirfylgni og síðan málalok.

Fulltrúar nemendaverndarráðs skipa einnig áfallaráð skólans

Í áfallateymi eru:

- Jóhanna Guðnadóttir skólastjóri
- Ingibjörg Ingadóttir, Tengiliður farsældar
- Kistrún Selma Ölversdóttir Michelsen, skólahjúkrunarfræðing
- Sigrún Eva Grétarsdóttir, námsráðgjafi
- Kristín Ella Guðmundsdóttir, ráðgjafaproskapjálfi frá Fjölskyldusviði

Áfallaáætlun Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er að finna [hér](#)

A ▾	Áfallaáætlun var endurskoðuð í september eftir að í ljós kom að fyrri áfallaáætlun var úreld. Ekki hefur þurft að virkja nýja áætlun á þessu skólaári.
-----	--

## Nemendafélag og nemendaráð

Nemendaráð Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er valið inn með kosningu á milli nemenda sem bjóða sig fram. Nemendur úr 7., 8., 9. og 10. bekk hafa val um að bjóða sig fram í nemendaráð.

Nemendaráð fjallar um efni sem tengjast félagsstarfi nemenda, ráðið hefur umsjón með ákveðnum hefðum í skólastarfi og leitar leiða til þess að styðja við **jákvæðan skólabrag** og virkja aðra nemendur. Eitt að hlutverkum nemendaráðsins er að byggja upp jákvæða og góða skólamenningu í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar. Formaður nemendaráðs er valinn sérstaklega. Efnt skal til kosninga ef tveir eða fleiri bjóða sig fram. Hlutverk nemendaráðs er m.a. að vera fulltrúar nemenda gagnvart



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

stjórn skólans og skólayfirvöldum. Hlutverk formanns nemendaráðsins er einkum að hafa forystu í félagslífi nemenda og koma fram fyrir hönd þess. Stefnt er að því að nemendur beri ábyrgð á eigin félagsstarfi og sem flestir séu virkjaðir við undirbúning og framkvæmd. Einn af hornsteinum félagsstarfsins er sjálfboðavinna nemenda við undirbúning og framkvæmd skemmtana og við aðstöðu nemenda í skólanum.

Nemendaráð starfar undir handleiðslu Ríkeyjar Elísdóttur. Nemendaráðið stendur fyrir einstaka uppákomum fyrir nemendur skólans. Í nemendaráði GF skólaárið 2025 -2026 eru:

- Júlían Gunnar Ulatowski í 7.bekk
- Auðbjörg Olga Stefánsdóttir í 8.bekk
- Logi Freyr Sigurðarson í 8.bekk
- Lilja Dís Harðardóttir í 9.bekk
- Rakel Góa Þorradóttir í 9.bekk
- Sólný Petra Þorradóttir í 10.bekk
- Emma Björg Heimisdóttir í 10.bekk

A ▾	Nemendaráð sá um viðburði á skólaárinu og vann samkvæmt hlutverki sínu. Ríkey Elísdóttir hætti um áramót störfum í ME og þar með með nemendaráðið. Guðfinna Erlín Stefánsdóttir hefur unnið með nemendum eftir áramót og gengið vel að vinna samkvæmt hlutverki sínu.
-----	---

## Foreldrafélag

Foreldrafélag Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar vinnur að ýmsum málum tengdum skólanum og nemendum hans. Í félaginu eru allir foreldrar sem eiga börn í skólanum. Foreldrafélagið er rekið af stjórn sem kosin er á aðalfundi félagsins.

Markmið félagsins er:

- Að stuðla að velferð og vellíðan allra barna í skólanum
- Að kennsla og tómsundastarf í skólanum sé eins og best verður á kosið
- Að efla samvinnu heimilis og skóla

Í stjórn foreldrafélagsins eru:

Formaður: Þóra Elín Einarsdóttir



Varaformaður: Helga Jóna Guðmundsdóttir Michelsen

Ritari: Sigrún Arna Friðriksdóttir

Gjaldkeri: Sigdís Telma Gunnarsdóttir

Aðrir: Krístrún Ölversdóttir Michelsen, Ríkey Jónsdóttir, Vilberg Jónasson

A ▾	Starfsemi foreldrafélags GF var með eðlilegum hætti og mun félagið halda árlegan fund sinn í maí til að kjósa nýja stjórn.
-----	--

## Nemendaverndarráð

Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar starfar nemendaverndarráð sem fundar mánaðalega eða þegar þurfa þykir. Reynt er að hald fundi einu sinni í mánuði. Í ráðinu sitja skólastjóri, deildastjóri sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur skólaskrifstofu, tengiliður frá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar og fleiri aðilar ef þurfa þykir.

Í nemendaverndaráði eru:

- Jóhanna Guðnadóttir - skólastjóri
- Ingibjörg Ingadóttir - deildarstjóri sérkennslu
- Sigrún Eva Grétarsdóttir - námsráðgjafi
- Krístrún Selma Ölversdóttir - skólahjúkrunarfræðingur
- Kristín Ella Guðmundsdóttir - ráðgjafaproskafjálfi frá fjölskyldusviði

Nemendaverndarráð fjallar um og samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérkennslu, sálfræðiþjónustu og heilsugæslu. Nemendaverndarráð skólans starfar skv. lögum um grunnskóla 91/2008 og reglugerð 584/2010 sem tekur til starfshátta nemendaverndarráða við grunnskóla. Hlutverk þess er að samræma ýmsa sérfræðiþjónustu fyrir nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um málefni nemenda sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Koma skal beiðnum um að mál séu tekin fyrir á fundum ráðsins til aðstoðarskólastjóra. Á fundum er ákveðnum aðila gert að fylgja málum eftir. Tilkynna skal forráðamönnum um að málefni nemenda verði tekin fyrir á fundum. Um tilkynningar til barnaverndar eða fræðslufirvalda er fjallað í nemendaverndarráði.



C ▾	Nemendaverndarráð hélt fundi á sömu dögum og samþætting var í GF. Nemendaráð hélt þó ekki fundargerðir í upphafi skólaárs en stóð til bóta frá febrúar. Ingibjörg Ingadóttir hætti í nemendaverndarráði og kom Helga Guðrún Guðjónsdóttir inn í hennar stað.
-----	--

## Innra mat - áætlun

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er meðal annars að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við lög og reglugerðir, veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun og að auka gæði skólastarfsins, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt.

Innra matsteymi Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er skipað skólastjóra, fjórum kennurum skólans, tveimur fulltrúum foreldra, tveimur fulltrúum nemenda og einum fulltrúa nærsamfélagsins; þeim sömu og sitja í skólaráði. Á hverjum skólaráðsfundi er innra mat jafnframt tekið til umfjöllunar. Upplýsingar um innra mat skólans eru á [heimasíðu skólans](#). Tvær megináætlanir stýra viðfangsefnum innra mats, þ.e. langtímaáætlun og starfsáætlun innra matsteymis.

Að hausti er lagt mat á starfsáætlun innra mats og gerð skýrsla um innra mat auk umbótaáætlunar. Á hverju vori er jafnframt gert mat á starfsáætlun skólans sem er mikilvægt ferli við innra mat í skólanum.

B ▾	Unnið var eftir innra mats áætlun frá Ásgarði í öllum grunnskólum Fjarðabyggðar. Áætluninni var fylgt eftir að mestu leyti. Öll verkefni voru klárað sem sett voru fyrir en ekki allir fundir voru skv. áætlun. Gerð innra mats skýrslu fyrir skólaárið er í vinnslu.
-----	---

## Skólareglur

Skólareglur Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar (GF) eru unnar í samræmi við lög um grunnskóla (nr. 91/2008, 30. grein) og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

grunnskólum. Þar er kveðið á um að grunnskólar skuli setja skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum þar sem úrræði og viðbrögð taki mið af persónuþroska og hæfni nemenda og stuðli sem best að jákvæðri hegðun.

Markmið skólareglna GF eru að allir nemendur geti þroskað hæfileika sína og séu öruggir í öllu starfi á vegum skólans. Viðfangsefni allra í skólasamfélaginu er að byggja upp góðan starfsanda og jákvæðan skólabrag þar sem öryggi, vellíðan, heilbrigði og jákvæðni einkenna öll samskipti. Ennfremur að stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti. Starfsfólk skóla og foreldrar þurfa að leitast við að vera nemendum góðar fyrirmyndir.

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur segir m.a. „*Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin*“. Skólareglur gilda í skólanum, íþróttahúsum, sundstöðum, félagsmiðstöðvum og í öllum ferðum á vegum skólans en auk þess þurfa nemendur að fara eftir sérreglum sem gilda á þessum stöðum.

Almennar reglur

### **Við eigum að:**

- sýna virðingu, tillitsemi og kurteisi
- fara eftir fyrirmælum alls starfsfólks í skólanum
- vera stundvís og hafa nauðsynleg námsgögn eða búnað meðferðis
- skapa og virða vinnufrið
- bera virðingu fyrir eigum skólans, okkar og annarra

### **Einnig skal tekið fram að ...**

- Forföll skulu tilkynnt til ritara eða gegnum Mentor fyrir kl 08:10. Verði misbrestur á að tilkynna forföll er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.
- Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa nemandanum úr tíma. Komi til slíkrar brottvísunar skal nemandi fara tafarlaust til skrifstofu deildarstjóra/skólastjóra. Umsjónarkennara skal gerð grein fyrir agabroti nemandans og forráðamenn látnir vita.

Öryggisreglur

### **Við eigum aldrei að:**



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

- koma með eða beita hlutum sem geta skaðað aðra eins og barefli, hnífa eða eldfæri
- ögra, beita andlegu-, líkamlegu eða stafrænu ofbeldi
- neyta ávanabindandi efna (nikótín púða, rafrettur, sígarettur, áfengis eða fíkniefna)
- hreyfa við öryggisbúnaði skólamiðstöðvarinnar (bjöllur, gluggar, neyðarútgangar o.s.frv.)

### Umgengnisreglur:

- Við höfum í heiðri heilbrigðar og hollar lífsvenjur og komum með hollt nesti í skólann. Við neytum hvorki sælgætis eða gosdrykkja í skólanum nema við sérstök tilefni.
- Við förum úr útiskóm, setjum í hillur og hengjum upp yfirhafnir/útiföt.
- Við nýtum frímínútur til útiveru og klæðum okkur eftir veðri. Útivera í frímínútum er frjálst val fyrir nemendur í 8. – 10. bekk.
- Við förum í snjókast á grasbalanum við sandkassann. Við köstum aldrei snjóboltum í átt að skólanum eða í þá sem eru ekki þátttakendur í leiknum/snjókastinu.
- Við yfirgefum ekki skólalóðina á skólatíma án leyfis.
- Við klifrum ekki á handriðum í skólanum
- Við tökum ekki peninga eða önnur verðmæti með í skólann að óþörfu. Skólinn tekur ekki ábyrgð á verðmætum sem nemendur koma með.
- Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, snjallsíma eða snjallúr á skólatíma, hvorki í skólanum eða á skólalóð. Sjá nánar Snjalltækjareglur Fjarðabyggðar.
- Við notum ekki reiðhjól, hjólabretti, hlaupahjól, rafskútur, línu- eða hjólaskauta á skólalóðinni á skólatíma. Sjá nánar Reiðhjólareglur GF.
- Við erum fulltrúar okkar byggðarlags í nemendaferðum og fylgjum skólareglum í hvívetna.

Viðurlög og/eða úrvinnsluaðferðir við brotum á ofangreindum reglum skólans.

Viðurlögum er beitt eftir aðstæðum, eðli og alvarleika brots eða tíðni vægari brota en alltaf er brugðist hart við brotum á öryggisreglum. Atvik eru skráð í Mentor.

Möguleg viðurlög eða úrræði þegar nemendur vilja ekki leiðrétta hegðun sína (í stafrófsröð):

- áminning veitt
- kennari lætur foreldra vita af stöðu mála og ræðir framhaldið
- nemandi tekinn tímabundið úr aðstæðum
- foreldrar koma í skólann með nemanda til fundar



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

- foreldrar sitja kennslustundir tímabundið
- nemandi vísað heim restina af deginum
- nemandi fær fylgdarmann (starfsmann eða foreldra) í frímínútum eða kennslustundum
- nemenda boðin aðstoð námsráðgjafa eða skólaráðgjafa
- máli vísað til skólastjórnenda
- gerður er skriflegur samningur milli foreldra, nemandi og skóla
- stundaskrá nemandi skert tímabundið.
- mál færast yfir til skólayfirvalda bæjarins eða barnaverndaryfirvalda
- nemandi vísað tímabundið úr skóla

### Einnig skal það tekið fram að ...

- neiti nemandi að yfirgefa kennslustund þrátt fyrir áminningu og beiðni þar um getur/skal kennari flytja aðra nemendur í annað rými
- nemandi sem notar síma eða önnur tæki í leyfisleysi fær val um að afhenda síma/tæki til geymslu hjá ritara það sem eftir er skóladags eða fara með tækið til skólastjórnanda. Tæki sem nemandi lætur af hendi þarf alltaf að vera sótt af foreldri í lok skóladags.
  - Þegar nemandi notar síma/tæki án leyfis er það skráð í Mentor.
- nemandi sem verður uppvís að notkun fjarskiptatækja eða tölvuleiktækja í kennslustund gilda reglur skólans um snjalltæki
- nemandi sem gerist sekur um alvarleg brot á skólareglum eða lögum almennt hvar sem er á vegum skólans er haft samband við forráðamenn og þeir beðnir að ná í nemandann að lögregla kölluð til séu atvik þess eðlis.
- nemandi sem brýtur öryggisreglur skólans eða almenn lög á ferðalögum er forráðamanni skylt að sækja barnið á eigin kostnað.

**Alltaf skal gefa nemendum tækifæri til að jafna sig á orðnum hlut áður en úrvinnsla mála hefst, nemandi getur þurft að fara heim til að jafna sig.**

Reglur um skólasókn og ástundun



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

Forföll, s.s. veikindi eða fjarvist vegna óveðurs, skal tilkynna við upphaf kennslu hvers dags. Forföll sem ekki eru tilkynnt samdægurs af forráðmanni nemanda eru skráð sem óheimil fjarvist. Langvarandi veikindi eða forföll skal staðfesta með læknisvottorði.

Forráðamenn nemanda geta sótt um tímabundna undanþágu frá skólasókn (leyfi) á sérstökum eyðublöðum. Umsjónarkennari veitir leyfi allt að tveimur dögum en lengra leyfi þarf að sækja um til stjórnenda. Í 15. grein grunnskólalaga segir: „Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á undanþágu stendur”.

Nemendur sem að mati foreldra komast ekki í skólann vegna illviðris teljast vera í leyfi. Foreldrar þurfa að tilkynna skólanum ákvörðun sína í sambandi við slík óveðursleyfi.

Kennarar fylgjast með ástundun og hegðun nemenda og skrá eftirfarandi atriði í Mentor þegar tilefni er til:

- án heimavinnu
- án gagna
- vinnur ekki í tíma
- truflar kennslu eða sýnir ótilhlýðilega hegðun
- vísað úr kennslustund

**Um síðasttöldu færsluna skrifa kennarar einnig í dagbókarfærslu inn á Mentor.**

### Meðferð mála vegna fjarvista

- Umsjónarkennarar láta foreldra alltaf vita þegar nemendur mæta ekki í kennslustund. Kennarar skrá fjarvistir í Mentor og láta umsjónarkennara vita.
- Umsjónarkennarar ræða ávallt við nemendur þegar fjarvist á sér stað og leita ástæðu hennar.
- Nánar um skólasókn er að finna í reglum Fjarðabyggðar. Sjá [hér](#)

Reglur um snjalltæki í grunnskólum Fjarðabyggðar

- Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, snjallsíma eða snjallúr á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Mælst er til þess að



nemendur geymi snjalltæki heima. Taki nemendur þau með í skólann skulu þau vera án hjóðs eða slökkt á þeim og ofan í skólatösku nemanda. Skólastjóri getur gert undantekningu frá þessari reglu í ákveðnum tilvikum.

- Brjóti nemandi þessar reglur skal starfsfólk benda nemanda á að setja tækið niður í tösku og slökka á því. Brjóti nemandi ítrekað þessar reglur skal honum vísað til skólastjóra þar sem nemandi afhendir tækið og foreldrar sækja það. Neiti nemandi að afhenda slík tæki þá skulu foreldrar koma í skólann og ná í tækið.

Einnig voru eftirfarandi verklagsreglur samþykktar vegna notkunar starfsmanna á snjalltækjum í grunnskólum Fjarðabyggðar.

- Í grunnskólum Fjarðabyggðar hefur starfsfólk leyfi til að nota eigin snjalltæki í kennslufræðilegum tilgangi eða sem öryggistæki.
- Starfsmenn skulu gæta þess að stilla snjalltæki þannig að ekki hljóttist af truflun fyrir annað starfsfólk og nemendur.

Samningur foreldra og skóla um myndatökur og akstur

- Nemandinn má fara í rútuferðir á vegum skólans, enda sé tryggt að fyllsta öryggis sé gætt.
- Nemandi má fara í einkabíl starfsmanns í stuttar ferðir t.d. á milli skóla og íþróttamannvirkja enda sé tryggt að fyllsta öryggis sé gætt.
- Taka má myndir af nemandanum í skólastarfi og birta á heimasíðu, í skólanámskrá, veggmyndum eða bæklingum á vegum skólans.
- Taka má myndir af nemandanum af gestum á t. d. árshátíðum og öðrum álíka sýningum og viðburðum enda verði ætlast til þess að þær myndir verði hvergi birtar án leyfis.

Reglur um reiðhjólantökur

Hjólum skal leggja í hjólagrindur. Hjólin má ekki nota á skólalóð en leyfilegt er fyrir nemendur í 5. – 10. bekk að fara á hjólum í íþróttir og sund. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á hjólum sínum og búnaði. Nauðsynlegt er að nemendur noti hjálma og eru foreldrar beðnir um að ganga eftir því við börnin að það sé gert. Eins er mikilvægt að huga að veðri, aðgæta færð og birtuskilyrði.

### 1.- 4. bekkur



## Mat á Starfsáætlun 2025-2026

Samkvæmt umferðarlögum (44. gr.) mega börn yngri en 9 ára ekki hjóla ein á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem hefur náð 15 ára aldri. Nemendur undir 9 ára aldri mega því ekki koma eina á hjóli í skólann eða nýta það til að fara í íþróttir og sund.

### 5. – 10. bekkur

Nemendum í þessum bekkjum er heimilt að koma á hjólum/rafhjólum í skólann. Foreldrar eru beðnir um að huga að reglum um reiðhjólanotkun ungmenna.

#### Hafa ber í huga að flest börn yngri en 10 ára:

- Hafa ekki náð fullkomnu valdi á grófhreyfingum og samhæfingu vantar í hreyfingar.
- Hafa ekki fullþroskað jafnvægisskyn og hliðarsýn.
- Skynja ekki hraða og fjarlægð ökutækja sem nálgast eða úr hvaða átt hljóð kemur.
- Eiga oft erfitt með að einbeita sér að fleiru en einu atriði í einu.
- Eiga það til að taka ákvarðanir í skyndi án þess að hugsa um afleiðingarnar.
- Yngri börn en 10 ára hafa því ekki nægilegan þroska til að vera fullkomlega ábyrgir vegfarendur.

#### Rafmagnshlaupahjól/rafskútur

Samkvæmt reglum eiga börn að hafa náð 13 ára aldri til að mega nota rafmagnshlaupahjól. Rafmagnshlaupahjól eru því bönnuð á skólatíma fyrir börn sem ekki hafa náð þeim aldri.

C	Skólareglur GF hafa verið í endurskoðun á þessu skólaári og þá sérstaklega horft á öryggisreglur. Nýjar og endurskoðaðar reglur fara í starfsáætlun skólaársins 2026-2027.
---	--

